



Evaluation Only. Created with Aspose.Words. Copyright 2003-2011 Aspose Pty Ltd.

Erindisbréf nefnda Rangárþings ytra – Kjörtímabilið 2014-2018.

## Erindisbréf

# Ungmennaráð Rangárþings ytra

## Umboð og hlutverk

Með vísan til 2. mgr. 11. gr. æskulýðslaga nr. 70/2007 ber sveitarfélaginu að hlutast til um að stofna ungmennaráð. Hlutverk ráðsins er m.a. að vera sveitarstjórn Rangárþings ytra til ráðgjafar um málefni ungs fólks í sveitarfélaginu.

Tilgangur ráðsins er einnig að þjálfa ungmenni 14-20 ára í lýðræðislegum vinnubrögðum og skapa þeim vettvang til að koma á framfæri skoðunum sínum, áherslum og tillögum við sveitarstjórn Rangárþings ytra og hafa með þeim hætti áhrif á umhverfi og aðstæður ungmenna í sveitarfélaginu. Með þessum hætti er leitast við að efla umfjöllun sveitarfélagsins um málefni er tengjast ungu fólki.

## Vinnureglur

### Almenn ákvæði

Nafn ráðsins er Ungmennaráð Rangárþings ytra, hér eftir nefnt UngRy. Heimili þess er að Suðurlandsvegi 1, 850 Hellu.

Fulltrúar í UngRy geta orðið þeir einstaklingar sem eru með lögheimili í sveitarfélaginu Rangárþingi ytra og eru á aldrinum 14-20 ára á árinu.

UngRy skal hafa umboð frá ungu fólki til athafna í sveitarfélaginu Rangárþingi ytra.

UngRy skal eins og kostur er hafa frumkvæði að umfjöllun mála. Allir fulltrúar innan ráðsins eru jafnir. Fundi ráðið skal rita fundargerð sem send skal íþróttá- og tómstundanevnd. UngRy skal funda a.m.k. tvisvar á ári.

UngRy tekur einnig til umfjöllunar þau mál sem sveitarstjórn og nefndir sveitarfélagsins óska eftir hverju sinni og önnur þau mál sem ráðið telur nauðsynlegt að fjalla um í samræmi við hlutverk og markmið ráðsins.

### Val á fulltrúum ráðsins

UngRy er skipað fimm fulltrúum. Þeir eru tveir frá Grunnskólanum á Hellu, tveir frá Grunnskólanum Laugalandi og einn valinn af Íþróttá- og tómstundanevnd. Einnig skal skipa varafulltrúa frá Grunnskólanum á Hellu, Grunnskólanum Laugalandi og Íþróttá- og tómstundanevnd.

Fulltrúar í UngRy skulu valdir fyrir 15. September og sitja fram til 30. Júní ár hvert.



## **Starfsreglur**

UngRy mun hafa aðgang að Markaðs- og kynningarfulltrúa sveitarfélagsins til ráðgjafar og aðstoðar við undirbúning funda. Hann er tengiliður ráðsins við sveitarstjórn og sér einnig um að koma samþykktum ráðsins til viðeigandi aðila hverju sinni.

Sveitarfélagið Rangárþing ytra skal leggja ráðinu til húsnaði til fundarhalda.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra skal gera ráð fyrir að funda með Ungmennaráði í aprílmánuði ár hvert. Einnig skal UngRy leitast við að halda einn fund með sveitarstjóra að hausti hvers árs.

Fundir ráðsins skulu fylgja almennum reglum um fundarsköp.